| Kennari | Hermann Jón Tómasson | Sk.st. | HTÓ |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum verður fjallað um hvatir, atferlisvaka, hegðun og tilfinningar með áherslu á frávikshegðun. Fjallað verður um hvatræna hegðun eins og át og kynhegðun. Rætt verður um tilfinningar og áhrif þeirra á hegðun og streita sérstaklega skoðuð í þessu samhengi. Jafnframt verður rýnt í orsakir ofbeldishegðunar. Megináhersla verður síðan lögð á umræðu um geðheilbrigði og algengustu flokka geðrænna vandamála. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði. Einnig verða viðhorf gagnvart andlega fötluðum rædd til þess að ýta undir skilning, virðingu og umburðarlyndi gagnvart geðfötluðum einstaklingum.

## Áfangamarkmið:

- Að auka þekkingu og skilning nemenda á mismunandi orsökum hegðunar almennt og frávikshegðunar sérstaklega.
- Að vekja nemendur til vitundar um leiðir til að draga úr kvíða og streitu og viðhalda góðri geðheilsu.
- Að auka þekkingu nemenda á geðrænum vandamálum, orsökum þeirra, einkennum og afleiðingum.
- Að vekja nemendur til umhugsunar um aðstæður geðfatlaðra og fordóma gagnvart fólki með geðræn vandamál.

## Námsgögn:

Námsefni, eða tilvísanir í það (vefsíður og tímaritsgreinar) verður aðgengilegt á Moodlesvæði áfangans. Kennari mun vísa nemendum á þetta efni eftir þörfum. Í námsefnispakkanum er eftirfarandi efni:

- Atkinson, Atkinson og Hilgard. Sálfræði 2 (kaflar 10, 11, 14, 15 og 16).
- Greinar á vefnum sem tengjast efnisumfjölluninni.
- Verkefni, glærur og glósur kennara.
- Annað efni.

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Viðfangssefni | Nemendur skila |
|---|---|---|
| 2. vika | Kennsluáætlun og upprifjun grundvallarhugtaka | |
| 3. vika | 1. Efnisþáttur - Hvatir | Verkefni 1 |
| 4. vika | 1. Efnisþáttur - Hvatir | Verkefni 2 |
| 5. vika | 2. Efnisþáttur - Tilfinningar | Verkefni 3 |
| 6. vika | 2. Efnisþáttur - Tilfinningar | Verkefni 4 |
| 7. vika | 2. Efnisþáttur - Tilfinningar | Verkefni 5 |
| 8. vika | Heimildaritgerð - kynning og undirbúningur | Tímapróf 1 |
| 9. vika | 3. Efnisþáttur - Geðræn vandamál | Verkefni 6 |
| 10. vika | 3. Efnisþáttur - Geðræn vandamál | Verkefni 7 |
| 11. vika | 3. Efnisþáttur - Geðræn vandamál | Verkefni 8 |
| 12. vika | 3. Efnisþáttur - Geðræn vandamál | Verkefni 9 |
| 13. vika | 4. Efnisþáttur - Fíkn | Verkefni 10 |
| 14. vika | Páskaleyfi | |
| 15. vika | 4. Efnisþáttur - Fíkn | Tímapróf 2 |
| 16. vika | Kynning á heimildaritgerðum | Ritgerð og kynningu |
| 17. vika | Kynning á heimildaritgerðum | Ritgerð og kynningu |
| 18. vika | Uppgjör og samantekt | |

## Námsmat:

| Lýsing | Vægi |
|---|---|
| Verkefni annarinnar (10 verkefni sem gilda 4% hvert) | 40,00% |
| Heimildaritgerð og kynning á efni hennar | 30,00% |
| Tímapróf (2 tímapróf sem gilda 15% hvort) | 30,00% |

**Dagsetning: 05-01-2012**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**